

Meirihlutinn í Reykjavík stendur ekki við loforð um hjólreiðastíga

Meirihlutinn í Reykjavík hyggst aðeins leggja 16% þeirra hjólastíga sem ákveðið hafði verið að leggja á árinu 2011. Samkvæmt aðgerðaáætlun um lagningu hjólreiðastíga, sem allir flokkar samþykktu í maí í fyrra, átti að leggja 10 kílómetra af hjólastígum á ári 2011, 2012 og 2013. Talað var um stóratök og allir flokkar fögnuðu framtakinu. Aðgerðaáætlunin byggðist á hjólreiðaáætlun Reykjavíkur sem nefnist Hjólaborgin Reykjavík og var samþykkt í borgarstjórn í janúar árið 2010. Áætlunina má nálgast hér á rafrænu formi:

http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/umhverfissvid/myndir/skylsur/hjolreidaa_tlun.pdf

Þar kemur fram að fimmfalda skuli hjólastíga í borginni á næstu 5 árum og tífalda þá á næstu 10 árum, eins og greint var frá í fréttum á sínum tíma og samtök hjólreiðafólks fögnuðu. Á fundi umhverfis- og samgönguráðs í gær kom í ljós að meirihlutinn mun aðeins leggja 1,6 km af hjólreiðastígum á þessu ári. Af því tilefni bókuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Gísli Marteinn Baldursson og Hildur Sverrisdóttir, eftirfarandi:

"Kúvending virðist hafa orðið á stefnu borgarinnar í uppbyggingu Reykjavíkur sem hjólaborgar, eftir að meirihluti Samfylkingar og Besta flokksins tók við völdum. Áætlun hans um lagningu 1,6 km af hjólastígum á þessu ári er blaut tuska í andlit þeirra sem hjóla og trúað hafa á uppbyggingu Reykjavíkur sem framúrskarandi hjólaborgar.

Fyrir liðlega ári samþykktu allir flokkar í borgarstjórn að árlega skyldi 10 km af hjólastígum bætt við kerfið, næstu 3 árin.

Að auki samþykkti öll borgarstjórn í janúar á síðasta ári hjólaáætlunina Hjólaborgin Reykjavík, þar sem gert er ráð fyrir fimmföldun hjólastíga á næstu 5 árum og tífoldun á næstu 10 árum. Gott hefði verið ef Samfylkingin hefði strax þá látið vita að hún ætlaði ekki að fylgja henni eftir.

Ávinningur borgarinnar af stórauknum hjólreiðum er öllum ljós, en hann birtist bæði í beinhörðum sparnaði, bættri heilsu borgarbúa og betri borgarmynd. Það gerist hinvegur ekki sjálfkrafa, og stjórnámálamenn þurfa að hafa kraft og þor til að forgangsraða í þágu þess sem mestu skiptir."

Gísli Marteinn Baldursson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í umhverfis- og samgönguráði segir þetta mjög vond tíðindi fyrir borgarbúa: "Allt skipulag að undanfögnu hefur miðast við að fleiri geti nýtt sér umhverfisvæna ferðamáta til að komast á milli staða. Þannig minnkum við umferð og drögum við úr hávaðamengun og svifryksmengun sem borgarbúar telja meðal helstu ógnana við lífsgæði sín. Fyrst skerti meirihlutinn þjónustu strætó og nú þetta. Samt segir í samstarfsyfirlýsingu þeirra að hjólandi vegfarendur skuli vera í forgangi."